

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, varðandi lóð fyrir símstöð við Miðvang í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 30. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Norðurbæ“, varðandi lóð fyrir símstöð við Miðvang í Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 18. janúar 2002.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagi við Grjótás 2-12 í Hraunsholti, Ásum, Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Grjótás 2-12 í Hraunsholti, Ásum, Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunni felst að einni lóð fyrir 6 íbúða raðhús er skipt upp í 3 lóðir fyrir parhús með bílaaðkomu. Gata að húsunum og svæði þar fyrir ofan verður utan lóðar. Jafnframt eru lóðarmörk færð til austurs um 2-5 m.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 14. janúar 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.

Austursvæði
(Stokksnes að 19° V).

1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19°00'V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.